

Velkomin(n) í samræmt könnunarpróf í íslensku fyrir 4. bekk 2017

Vinsamlegast svaraðu spurningunum eftir bestu getu. Þú getur fylgst með próftímanum efst í hægra horni prófheftisins. Athugaðu að prófið lokast sjálfkrafa að próftíma loknum.

Próftíminn er 1 klukkustund og 10 mínútur.

Gangi þér vel.

Lesskilningur 1

Sagan segir að einu sinni í fyrndinni hafi maður, sem hét Herjólfur, búið í dal í Vestmannaeyjum sem seinna var nefndur eftir honum og kallaður Herjólfsdalur. Dalurinn er umkringdur háum fjöllum á þrjá vegu og bær Herjólfs stóð undir háu og snarbröttu hamrafjalli. Í Vestmannaeyjum var erfitt að fá gott drykkjarvatn og Herjólfur var eini bóndinn á Heimaey sem átti gott vatnsból. Þess vegna komu margir til hans að fá vatn en hann leyfði engum að fá vatn nema hann borgaði fyrir það.

Herjólfur átti dóttur sem hét Vilborg. Hún var ólík föður sínum að skapferli og var alltaf góð og gjafmild við menn og dýr, bæði húsdýr og villt dýr og fugla. Henni fannst harkalegt af föður sínum að selja nágrönnum vatnið og á nóttunni, þegar karlinn svaf, stalst hún oft til að gefa fólki vatn.

Einu sinni sat Vilborg úti nálægt bænum og var að gera sér skó úr skinni. Þá kom hrafn til hennar og greip annan skóinn í gogginn og flögraði burt með hann. Henni þótti vont að missa skóinn sinn nýja svo að hún stóð upp og fór á eftir hrafninum og reyndi að grípa af honum skóinn. Hann flaug rétt á undan henni og lokkaði hana á eftir sér. Alltaf var hún alveg að ná honum og lét hann teyma sig lengra og lengra burt. En þegar hún var komin spölkorn frá bænum féll skriða undramikil niður úr fjallinu og yfir bæ Herjólfs og gróf hann grjóti. Herjólfur var þá inni í bænum og varð undir skriðunni en Vilborg átti hrafninum líf sitt að þakka. Hún hafði oft vikið góðu að hröfnum ekki síður en öðrum. Við ofanverða grjóthrúguna sem féll á bæinn í Herjólfsdal, er ennþá tær vatnslind sem aldrei þrýtur þó að alls staðar annars staðar verði vatnsskortur.

(Þjóðsaga)

1. Hvers vegna var erfitt að fá drykkjarvatn í eynni?

- A. Herjólfur vildi alls ekki láta menn fá vatn.
- B. Heitavatnslögnin var ekki komin.
- C. Hrafnarnir drukku það.
- D. Það var svo lítið um góð vatnsból þar.

2. Hvað gerði Vilborg til að hjálpa fólki?

- A. Hún bjó til skó úr skinni handa því.
- B. Hún fékk pabba sinn til að gefa því vatn.
- C. Hún gaf því mat.
- D. Hún gaf því vatn úr lindinni.

3. Hvers vegna heldur þú að hrafnninn hafi lokkað Vilborgu á eftir sér?

- A. Hann vildi að bær Herjólfss eyðilegðist.
- B. Hann vildi að hún gæfi honum vatn úr lindinni.
- C. Hann vildi forða henni undan skriðunni.
- D. Hún var svo góð við hrafna.

4. Hvers vegna skipti vatnsbólið máli?

- A. Dalurinn var nefndur eftir því.
- B. Svo hrafnar þrifust á eynni.
- C. Til að afla tekna.
- D. Til að líf héldist á eynni.

5. Hvað getum við lært af þessari sögu?

- A. Að búa til sögu.
- B. Að níska borgar sig.
- C. Að vera ekki nálægt fjalli.
- D. Að vera góð við menn og dýr.

Málnotkun 1

6. Drengurinn var rogginn yfir árangri sínum.

Hvað merkir undirstrikaða orðið?

- A. dapur
- B. dolfallinn
- C. hreykinn
- D. ráðþrota

7. ? finnst ekki gaman í handbolta.

Í setninguna hér fyrir ofan vantar eitt orð.

Merktu við orðið sem vantar.

- A. Hann
- B. Honum
- C. Hún
- D. Ekkert af þessu er rétt

8. **Hvaða orð færðu ef þú setur saman orðin**

veggur og teppi?

Ef þú finnur ekkert rétt samsett orð þá merkir þú við:

Ekkert af þessu er rétt.

- A. veggjateppi
- B. veggsteppi
- C. veggteppi
- D. Ekkert af þessu er rétt.

Lesskilningur 2

Fúli fór eldsnemma á fætur og ég elti hann fram. Hann fór beint út í geymslu og náði í alla hjólalása sem hann átti. Svo kom hann inn og við fórum saman fram í eldhús. Þar horfði ég á hann læsa öllum skápum vel og vandlega.

Hann klappaði mér á kollinn svo ég kreisti aftur augun því mér fannst mjög óþægilegt að fá klapp á kollinn. Það finnst öllum. Samt er alltaf verið að klappa hundum og krílum á kollinn.

Fúli var ánægður með sig. Hann glotti og hnippti í mig.

– Sjáðu, félagi, nú getur þú ekki komist í skápana nema þú kunnir talnaröðina á hjólalásunum. Og þú kannt hana ekki. Ónei, sagði hann rogginn.

Ég dillaði dindlinum til samþykkis. Mér fannst gaman að sjá Fúla svona ánægðan.

– Eða hvað, sagði hann svo við Bestu þegar þau voru komin út. Heldurðu að hann kunni talnaröðina á lásunum?

– Auðvitað ekki, svaraði Besta hlæjandi.

Þar með voru þau farin en nú vissi ég að þau mundu koma aftur. Þau gerðu það alltaf. Ég vissi líka að mér myndi leiðast. Ég gólaði dálítið en enginn kom. Þá reyndi ég að opna skápana en það gekk ekki. Hjólalásarnir sáu til þess. Ég ráfaði um og skimaði. Eitthvað hlyti ég að geta fundið mér til skemmtunar.

Þegar kvöldi komu Fúli og Besta heim. Ég vaknaði við hljóðið í bílnum og heyrði í þeim við útihurðina. Fúli taldi upp að tíu á meðan ég heyrði Bestu mína hringla lyklunum við skráargatið. Ég

beið spenntur fast upp við dyrnar. Ó, hvað það yrði gaman að sjá þau. Ég var búinn að vera svo ógurlega lengi aleinn. Þau opnuðu dyrnar varlega. Ég galti eins hátt og ég gat, stökk hæð mína, sneri mér í hringi, elti á mér dindilinn og gólaði! Ég réð alls ekki við mig. Allt í kringum mig snjóaði hvítum flygsum. Loftið var á hreyfingu og ég hoppaði hæð mína og glefsaði út í loftið til að grípa flygsurnar.

Fúli veifaði hendinni til og frá og blés frá sér.

– Hvað er þetta? tautaði hann örmagna og lét sig falla ofan í sófann svo agnarsmáar hvítar fjaðrir þyrluðust upp allt í kringum hann.

Nú áttaði ég mig á að hann var leiður. Ég hafði gert eitthvað slæmt. Fúli þurfti ekkert að æsa sig. Ég skellti bara stubbnum niður að fótum, lagði aftur eyrun og dreif mig í hundakörfuna. Besta kom út úr svefnherberginu með tvo tóma taupoka.

– Þetta VORU koddarnir okkar, sagði hún rólega.

Koddar, hugsaði ég. Heita þessir haugar sem ég var að slást við koddar?

– Ég get þetta ekki! andvarpaði Fúli og lokaði augunum.

– Hvaða vitleysa, sagði Besta mín og brosti.

– Hann er bara lítill ennþá. Þetta eldist af honum.

Ég horfði á þau til skiptis og fann hvað mér þótti ógurlega vænt um þau. Mikið var gott að fá þau heim.

*(Kristín Helga Gunnarsdóttir, 2012,
Grímsævintýri – Ævisaga hunds)*

9. Af hverju fór Fúli eldsnemma á fætur?

- A. Hann var mikill morgunhani.
- B. Hann þurfti að leita að hjólalásunum.
- C. Hann ætlaði að læsa skápunum.

10. Hvernig sýndi hundurinn gleði sína?

- A. Hann galti hástöfum.
- B. Hann veifaði skottinu.
- C. Hann velti sér á gólfinu.

11. Þegar Besta og Fúli voru farin varð hundurinn ? .

- A. einmana
- B. eirðarlaus
- C. forvitinn

12. „Ég ráfaði um og skimaði.“

Hvað þýðir undirstrikaða orðið?

- A. horfði
- B. lagðist
- C. þefaði

13. Hvernig vissi hundurinn hverjir voru að koma heim?

- A. Fólkið kom alltaf heim á sama tíma.
- B. Hann fann lyktina af fólkinu langa leið.
- C. Hann tengdi ákveðin hljóð við komu fólksins.

14. Þegar Besta og Fúli komu heim ? .

- A. fékk hundurinn matinn sinn
- B. missti hundurinn stjórn á sér
- C. snáfaði hundurinn í körfuna sína

15. Hvers vegna var Fúli örmagna?

- A. Hann hafði verið svo lengi í vinnunni.
- B. Hann var að gefast upp á hundinum.
- C. Hann vissi að Besta vildi losna við hundinn.

16. Á meðan Besta og Fúli voru að heiman hafði hundurinn ? .

- A. beðið rólegur
- B. legið í körfunni
- C. nagað koddana

17. Hvað átti að eldast af hundinum?

- A. galtið
- B. hoppin
- C. lætin

18. Hver er Fúli í sögunni?

- A. hundurinn
- B. karlinn
- C. konan

Málnotkun 2

19. „Þau opnuðu dyrnar varlega.“

Hvar er orðunum raðað rétt í stafrófsröð?

- A. dyrnar – opnuðu – varlega – þau
- B. dyrnar – varlega – opnuðu – þau
- C. opnuðu – dyrnar – þau – varlega
- D. varlega – opnuðu – dyrnar – þau

20. „Hundinum fannst óbægilegt að fá klapp á kollinn.“

Hvert þessara orða er andheiti undirstrikaða orðsins?

Andheiti eru orð sem hafa gagnstæða merkingu

(dæmi: ljós – myrkur).

- A. kitlandi
- B. notalegt
- C. spennandi
- D. vandræðalegt

21. Hundinum þykir ? um Fúla og Bestu en um hundakörfuna.

- A. vænara
- B. vænna
- C. vænst
- D. vænt

Lesskilningur 3

Ég hef sérstaklega gaman af því að skoða rafmagn í bílum en pabbi er búinn að banna mér að rannsaka rafmagnið í Volvónum. Í vor var hann næstum búinn að missa af skipinu sínu og sennilega var það mér að kenna.

Pabbi var að fara í leiðangur á herskipinu og við ætluðum að keyra hann niður að höfn og veifa þegar skipið legði frá bryggju. Hann var að verða of seinn og var að pakka ofan í ferðatösku á meðan mamma straujaði fyrir hann skyrtu. Jóna og Stína voru að klæða sig í spariföt svo ég ákvað að nota tímann á meðan ég beið til að sjá hvernig ljósir virkuðu í Volvónum.

Til þess að sjá hvernig ljósir virka þarf maður að kveikja á þeim og ég lét þau loga til skiptis á meðan ég elti vírana úr mælaborðinu út í ljósabúnaðinn. Þannig gat ég séð hvar vírarnir lágu og hvaða vírar voru notaðir í afturljós, framljós og stefnuljós. Loks voru allir tilbúnir og pabbi henti töskunni sinni í skottið á bílnum.

Mamma var í fínasta kjólnum sínum og settist inn í bíl með Jónu og Stínu. Ég og pabbi settumst líka inn í bílinn, en þegar pabbi reyndi að setja bílinn í gang gerðist ekki neitt. Volvóinn hóstaði bara letilega og lognaðist svo út af eins og hann hefði sofnað.

– Mói, hvað varstu að gera við bílinn? spurði pabbi reiðilega.

– Ég var bara að skoða ljósabúnaðinn, sagði ég. Er bíllinn bilaður?

– Nei, en hann er rafmagnslaus, sagði pabbi ergilegur. Þú ert búinn að nota allt rafmagnið í þessar rannsóknir þínar. Ég er að

missa af skipinu. Vigga mín, ég verð bara að taka leigubíl í hveli, sagði hann og leit á mömmu.

– Ég skal hringja, sagði mamma og stökk út úr bílnum og inn í hús.

Pabbi fór út, tók ferðatöskuna úr skottinu og settist á stein úti við götu. Við krakkarnir eltum hann.

– Ætli skipið fari ekki bara á undan mér, sagði pabbi og leit á klukkuna.

– Auðvitað ekki, pabbi, sagði Jóna og klappaði pabba á öxlina. Hvaða varðskip fer án þess að taka skipherrann með?

– Verður þú skammaður? spurði ég.

– Hann verður ekkert skammaður, sagði Jóna hneyksluð. Ekki nema hann skammi sjálfan sig. Það er hann sem ræður á skipinu.

– Nei, Mói minn, ég verð ekki skammaður. Það er bara svo leiðinlegt að vera seinn.

– Fyrirgefðu, að ég skyldi nota allt rafmagnið. Ég var bara að rannsaka ljósið, sagði ég.

Pabbi leit á mig.

– Lærðirðu eitthvað um ljósabúnaðinn?

– Já, nú veit ég hvernig vírarnir liggja út í ljósin. Ég er búinn að finna þá alla, sagði ég glaður.

– Jæja, Mói minn. Það var gott að þú lærðir eitthvað.

Mamma kom út og skömmu síðar rann leigubíllinn upp að

húsinu. Við fylgdum pabba ekki á bryggjuna í þetta sinn en veifuðum honum bara niður götuna í staðinn.

(Kristín Helga Gunnarsdóttir, 2000,
Mói hrekkjusvín)

22. Hvað bannaði pabbinn stráknum að gera?

- A. Að fíkta við bílinn.
- B. Að rannsaka marga hluti í einu.
- C. Að slökkva ljósin á bílnum.

23. Hvers vegna elti Mói vírana?

- A. Til að geta slökkt ljósin til skiptis.
- B. Til að sjá hvar ljósin tengdust.
- C. Til að taka ljósin úr sambandi.

24. Þegar pabbi Móa reyndi að setja bílinn í gang heyrðist hljóð ____ .

- A. og svo ekkert meira
- B. sem aldrei ætlaði að hætta
- C. sem dofnaði

25. Af hverju var bíllinn rafmagnslaus?

- A. Ljósin höfðu logað of lengi.
- B. Rafgeymirinn var bilaður.
- C. Hann hafði staðið lengi ónotaður.

26. Hvaða orð lýsa best hvernig pabba Móa leið?

- A. Hann var hneykslaður.
- B. Hann var pirraður.
- C. Hann var undrandi.

27. Hvar beið pabbi Móa eftir leigubílnum?

- A. Hann sat við götuna.
- B. Hann stóð á steininum.
- C. Hann stóð við húsið.

28. Hvað gerði Mói sér til málsbóta?

- A. Hann bað pabba sinn afsökunar.
- B. Hann tók ferðatöskuna úr skottinu.
- C. Hann veifaði pabba sínum.

29. Hvað lærði Mói af rannsóknunum?

- A. Að bílljós þurfa rafmagn.
- B. Að skammast sín.
- C. Að setja bíl í gang.

30. Í hvaða málsgrein er bílnum lýst sem lifandi veru?

- A. „Ég var bara að skoða ljósabúnaðinn,“ sagði ég.
- B. „Skömmu síðar rann leigubíllinn upp að húsinu.“
- C. „Volvóinn hóstaði bara letilega og lognaðist svo út af.“

31. Hvernig má sjá að sögukaflinn endar vel?

- A. Krakkarnir veifuðu föður sínum.
- B. Leigubíllinn kom að húsinu.
- C. Mói hafði lært eitthvað nýtt.

Lesskilningur 4

Evrópumenn töldu lengi vel að Evrópa væri miðja alheimsins og jafnvel að aðrar heimsálfur en Evrópa, Afríka og Asía væru ekki til auk þess sem þeir héldu að jörðin væri flöt eins og pönnukaka. Mikið var um verslun milli landsvæða og oft um langan veg að fara.

Vegna stríðsátaka þurfti hins vegar að finna aðra leið fyrir dýrmætan varning eins og krydd og silki frá Austurlöndum fjær til Evrópu. Þess vegna héldu verslunarskip í langa leiðangra. Kristófer Kólumbus ætlaði sér að finna siglingaleið til Indlands, en hún byggðist á þeirri trú að jörðin væri kringlótt.

Hann fékk áheyrn hjá drottningu Spánar, Ísabellu af Kastilíu, og bað hana um að fjármagna ferðina. Hún tók treglega í beiðni hans en ákvað loks að slá til. Hann lagði af stað á þremur skipum frá spænska hafnarbænum Palos. Eftir um tveggja mánaða siglingu tók hann land á eyju í Mexíkó-flóa og skírði hana San Salvador. Þetta gerðist 12. október 1492 og taldi hann þá að siglingaleiðin til Indlands væri fundin.

Kólumbus var þess fullviss að hann hefði komist til Indlands og fór í fleiri leiðangra til þess að staðfesta það. En vegna þessa misskilnings Kólumbusar voru frumbyggjar Ameríku nefndir Indíánar, sem þýðir íbúar Indlands. En frumbyggjar eru þeir kallaðir sem bjuggu í landinu áður en Evrópubúar komu þangað.

Kólumbus lést áður en hann komst að því að hann hefði fundið nýtt land en ekki siglingaleiðina til Indlands.

Það var hins vegar Amerigo Vespucci, sem áttaði sig á því að þetta var ekki Indland, heldur áður óþekkt heimsálf. Nýja heimsálfan var skírð Ameríka honum til heiðurs.

Þeir Kólabus og Vespucci voru þó ekki fyrstir Evrópumanna til að nema þarna land. Því sögur herma að fimm hundruð árum áður en Kólabus var á ferð í Ameríku, hafi Leifur heppni komið þangað og nefnt landið Vínland hið góða. Hann sigldi hins vegar á brott og Ameríka féll í gleyskunnar dá.

Sá sem fann sjóleiðina til Indlands (sem Kólabus hélt að hann hefði fundið) var maður að nafni Vasco da Gama. Þar með færðust mörk hins þekkta heims og tími siglinga og landvinninga fór í hönd.

(Úr: Saga mannkyns, 1994)

32. Hvers vegna þurfti að finna nýja leið til Austurlanda?

- A. Gamla leiðin var of löng.
- B. Ísabella drottning bað um það.
- C. Stríð geisaði á gömlu leiðinni.

33. Til hvers fóru Evrópumenn í langar ferðir á tímum Kólabusar?

- A. Til að flytja vörur til Evrópu.
- B. Til að prófa nýju skipin sín.
- C. Þeir þekktu ekki stystu leiðina.

34. Hugmynd Kólumbusar um nýja leið byggðist á ? .

- A. frásögnum frægra ferðalanga
- B. kenningum um lögun jarðarinnar
- C. löngun hans til að breyta til

35. Í hvaða tilgangi fór Kólumbus á fund drottningar?

- A. Hann vildi segja henni frá ferðinni.
- B. Hún hafði lýst áhuga á að slást í förina.
- C. Til að biðja hana um að styrkja ferðina.

36. Frá hvaða landi lagði Kólumbus af stað í leiðangurinn?

- A. Indlandi
- B. Mexíkó
- C. Spáni

37. Frumbyggjar Ameríku nefnast indíánar ? .

- A. eftir þeim sem fann landið
- B. til heiðurs Kólumbusi
- C. vegna misskilnings Kólumbusar

38. Kólumbus taldi sig hafa ? .

- A. fundið nýja heimsálfu
- B. komist til Indlands
- C. uppgötvað nýja frumbyggja

39. Hvað var það sem Vespucci áttaði sig á að hefði fundist?

- A. ný heimsálfa
- B. ný siglingaleið til Indlands
- C. nýir frumbyggjar

40. Hver komst fyrstur sjóleiðina til Indlands?

- A. Amerigo Vespucci
- B. Kristófer Kólumbus
- C. Vasco da Gama

41. Textinn segir frá því hvernig menn ___ Ameríku.

- A. bjuggu í
- B. ferðuðust til
- C. fundu

Málnotkun 3

42. „... heldur áður óþekkt heimsálfa.“

Orðið heimsálfa er samsett úr orðunum ? .

- A. heima og álfa
- B. heimar og álfa
- C. heimir og álfa
- D. heimur og álfa

43. Það er kalt, mundu eftir ? .

- A. traflinum
- B. trefilinum
- C. trefilnum
- D. treflinum

44. Hann var sannfærður um réttmæti fréttarinnar.

Finndu samheiti undirstrikaða orðsins.

(Samheiti eru orð sem hafa sömu merkingu (dæmi: faðir – pabbi).)

- A. ánægður
- B. fullviss
- C. óöruggur
- D. sáttur

45. **Finndu andheiti orðsins sárna.**

(Andheiti eru orð sem hafa gagnstæða merkingu (dæmi: ljós – myrkur).)

- A. gleðjast
- B. óska
- C. sakna
- D. vonast